

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni:

Breiðholt 1 - grenndargámar - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 2. apríl 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. apríl 2020, sbr. synjun skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 á breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð staðfesti synjun umhverfis- og skipulagsráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í gögnum málsins að í ljósi athugasemda sem komu fram við auglýstri tillögu þá sé lagt til að skipulagstillagan um færslu á núverandi grenndarstöð verði felld niður. Þessu ber sannarlega að fagna enda var hugmyndin slök og olli fólki í hverfinu miklu uppnámi, svo miklu að 60 manns skrifuðu undir í mótmælaskyni. Kannski hjálpaði umsögn íbúaráðsins til hér en þar kemur fram að tillagan hafi verið illa unnin og í henni hafi verið rangar upplýsingar varðandi staðhætti og þær breytingar á deiliskipulagi sem voru fyrirhugaðar.

Helga Björk Laxdal
e.u.